

Sp.

756. Fyrirspurn

[445. mál]

til iðnaðarráðherra um viðræður um kísilmálmverksmiðju á Grundartanga.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hefur stóriðjunefnd átt viðræður við norska fyrirtækið Elkem um þátttöku þess í að reisa kísilmálmverksmiðju á Grundartanga í stað slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði?
2. Sé svo, á hvaða stigi eru þær viðræður og hver gaf stóriðjunefnd fyrirmæli um að hefja þær?